

1857.
26. ágúst. póstinn, af peningum þeim, sem ætlaðir eru til póstgánga á Íslandi, en að starf þetta eptirleidis, meðan sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu ekki er búsettur á Akureyri, án nokkurs sérlegs endurgjalds úr opinberum sjóðum verði falid á hendur þeim manni, sem sýslumanninum er gjört að skyldu að launa til þess að hafa lögreglustjórn á verzlunarstaðnum, og til þess að hafa umsjón með skipum þeim, sem þangað koma frá útlöndum.

Stjórnarráðið fellst nú að vísu á skoðun herra amtmannsins um hið síðarnefnda atriði, en álitur þó á hinn bóginn, að nefndur B. Jónsson ekki heldur eigi heimting á þóknun sérilagi fyrir afgreiðslu póstsins um umliðinn tíma, þar hann einmitt á þeim tíma hefir haft á hendi erindi sýslumannsins í Eyjafjarðar sýslu, og fyrir þenna starfa þegið 20 rd. þóknun úr opinberum sjóði á ári.

30. septbr. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um fjárkláðann.**

Í bréfi 13. f. m. hefir herra stiptamtmaðurinn skýrt dómsmálastjórninni frá því, sem til þess tíma var aðgjört í máli því, er borið var undir alþingi, um fjárkláðann í suður-umdæminu á Íslandi; en fremur hafid þér í bréfi 21. s. m., þá er alþingi hafði lokið umræðum málsins, skýrt frá því, að lagafrumvarp það, er alþingi hafi samþykkt¹, meðal annars fari því fram: að

1) Lagafrumvarp það sem alþingi þannig hafði fallizt á, hljóðar þannig:

Tilskipun

til þess að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans.

1. gr. Í þeim fjórum sýslum, Árness-, Gullbringu- og Kjósarsamt Borgarfjarðar-sýslum, skal almennt farga sauðfænaði haustið 1857, með þeim takmörkunum sem hereptir segir.

2. gr. Sérhver búandi, sem grasnyt hefir, má setja nokkrar ær á vetur, en þó svo, að enginn má setja á fleiri ær en 100, að meðtöldum kúgildisám.

í þeim 4 sýslum: Árnessýslu, Kjósar- og Gullbringu-sýslu og 1857.
Borgarfjarðar sýslu, skuli þegar fyrir 31. desember þ. á. skera 30. septbr.
niður allan sauðfénað, bæði sjúkan og heilbrigðan, að undantekn-

3. gr. Þarómóti skal skera eða lóga öllum geldfénaði og lömbum, hvort sem sjúkt reynist eða heilbriggt; sömuleiðis dilkám og geldum ám, sem á afröttum hafa gengið, en þó má setja á vetur brundhrúta þá, er til ána þurfa, sem og veturgamlar gimbrar, innan þeirrar ærtölu, sem til er tekin í 2. gr.

Enn fremur mega þeir bændur, sem hrepps- og sýslunefnd álitur hafa ástæður til að setja á fleiri ær en þeir eiga, eða fyrir elli og sjúkuleika sakir geta látið lifa, setja á vetur nokkur gimbrarlömb sem væri kláðafri, þó með því skilyrði, að þeir vakti þau með ásauð sínum næsta sumar.

4. gr. Förgun þess fjár, sem farga á, skal hver maður hafa aflokið fyrir 31. desember 1857.

5. gr. Á hverju því heimili, þar sem fjársýkin gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, en ekki hafa verið rífin fjárhúsin í sumar, samkvæmt reglugjörð stiptamtsins 13. febrúar þ. á., skal öll fjárhús rífa á hausti komanda og byggja aptur upp á öðrum stað, háum og þurlendum, ný fjárhús, nægileg fyrir ærstofn þann, sem hver búandi má gjöra ráð fyrir að hann megi á setja, samkvæmt þessari tilskipun, og með þeirri stærð og lagi, sem tilsk. 2. marz 1776 tiltekur.

Viðina úr gömlu fjárhúsunum má brúka í hin nýju, ef þeir eru sviðnir áður eða bikaðir utan.

Hafa skal sérstaklegt tillit til þess, þegar ákveðin verður ærtala sú, er hver má á vetur setja, hve rækilega búandi hefir, samkvæmt þessari grein, leyst af hendi rof hinna eldri fjárhúsa og uppbyggingu hinna nýju.

6. gr. Til þess að annast um ásetningu og lógun fjárins, niðurlögnun og úthlutun skaðabótanna, rof og endurbygging fjárhúsanna, sem og annað fleira, er hér er tekið fram í 1.—5. gr., skal hver sýslumaður kveðja sér til ráðaneytis og aðstoðar 3 eða 4 hina beztu menn, hér og hvar úr sýslu sinni.

Hin sama regla gildir og fyrir lögsagnarumðemið Reykjavík og bæjarfógetann þar.

7. gr. Í hverjum hrepp skal velja hreppanefndir, á þann hátt, að hreppstjórinn kveði með sér, eptir stærð hrepps síns, 2 eða 4 hina beztu hreppsændur, og sé hreppur mjög stór, svo

1857. um nokkrum ám og gimbrum, sem þó ekki megi vera fleiri
30. septbr. samtals á neinum bæ en 100, og megi setja þessa ærtölu á
hvort sem ærnar sé veikar eða heilbrigðar, en gimbrarnar

vatsnföll geti um lengri tíma hindrað samfundi, þá sé hreppsnefndir
2 eða 3, svo til þeirra sé kvaddir, ef þarf, alls 6 menn.

8. gr. Enginn sýslu- eða hrepps-nefndar-maður má skorast
undan þeim starfa, án lögmætra forfalla, sem sýslumaður þá metur,
og skal þegar kveðja nýjan mann til nefndar, ef eins missir við
úr nefndinni.

9. gr. Stiptamtmaður skal sjá um, að prentaður verði, svo
fjótt sem orðið getur, greinilegur leiðarvisir til að þekkja kláðann,
öll einkenni hans og alla lækninga-meðferð á honum, og ennfremur
skal í leiðarvísi þessum skýrt frá, hvornig með fenað skuli fara,
til að verja hann kláða, og skal senda leiðarvísi þenna öllum hrepps-
nefndum, sem um er getið í 7. gr.

10. gr. Hreppanefndir skulu byrja starfa sinn svo fjótt sem
verður, og þegar innan 20. nóvember hafa sent sýslumanni skýrslu
um búnaðar og heimilis-ástand hvers búanda í hreppnum, sam-
kvæmt þeim eyðublöðum, sem þeim til þess verða send, og sem
nefndin útfyllir.

11. gr. Sýslumaður skal, undireins og hann hefir fengið skýrslur
þær frá hreppanefndum, sem getið er um í 10. gr., kalla saman
sýslunefndina, og skal hún leggja úrskurð á um það, hversu margar
ær og gimbrarlömb hver búandi í hverjum hreppi sýslunnar má á
vetur setja, innan þeirrar tölu sem til er tekið í 2. gr. Þenna
úrskurð skal sýslunefndin senda tafarlaust til hlutadeigandi hreppa-
nefnda, svo að þær hafi fengið úrskurð sýslunefndarinnar innan
6. desember.

12. gr. Hreppanefndir sjá um, að úrskurðum sýslunefndar-
innar verði fullnægt, svo að enginn seti meira á en þar er til-
tekið, og skulu þær tilkynna þetta öllum hrepps-búum með hreppa-
seðli, rétta boðleið, að viðlögðum sektum fyrir boðfall. Óhlýðnist
nokkur búandi því, sem þannig er ákveðið, skal hreppsnefndin
tafarlaust tilkynna það sýslumanni, en hann höfðar opinbert lög-
reglumál móti hinum seka, til óhlýðnissekta eptir málavöxtum,
málkostnaðar útláta og skaðabóta missis. Þá dóma sýslumannsins
má ei áfría; málskostnaðinn má strax taka lögtaki, en lagabrots-
sektirnar eptir amtsúrskurði.

13. gr. Í seinasta lagi innan viku frá þeim seinasta niður-

einúngis að svo miklu leyti þær sé heilbrigðar; að í skaðabætur fyrir niðurskurðinn skuli greiða 9000 rd.; að skera 30. septbr. 1857. skuli niður undantekningarlaust allt fê, ef svo fari að kláðasýk-

skurðar fresti, sem til er tekinn í 4. gr., skulu hreppanefndirnar hefja rannsóknarferð um hreppinn, til þess að komast að fullri raun um, að hver búandi hafi hlýðt úrskurði sýslunefndarinnar, halda rannsókn þessari áfram tafarlaust, svo henni sé lokið og sýslumanni tilkynnt svo fljótt sem verða má.

Strax eftir miðjan vetur skulu hreppsnefndir aptur fara um hreppinn, og eiga þær þá enn að nýju að ganga úr skugga um, að hvergi sé sett á framyfir það ákveðið var, og ennfremur kynna sér heilbrigðis-ástand og hirðingu fjárins, hvort lækningatilraunir hafa verið við hafðar, og hver árángur af þeim hefir orðið, og gefi sýslunefndinni hið fyrsta þarum greinilegar skýrslur. Þriðja skoðan framfari um sumarmál; fjórðu skoðunarferð skulu hreppsnefndir gjöra um Jónsmessu leytið, eða svo fljótt sem ærfê almennt fer úr ulla, og gefa sýslunefndinni þá greinilega skýrslu um heilbrigðis-ástand fjárins og fleira er þar að lýtur, eins og fyr segir í þessari grein.

14. gr. Sýslunefndirnar skulu hafa vakandi auga á öllu því, sem að því lýtur, að lögum þessum verði tilhlýðilega hlýðt og framfylgt, leiðbeina hreppsnefndunum í öllu, er þurfa þykir, og vera þeim til ráðaneytis, hvenær sem þeir leita þess.

15. gr. Undireins og sýslunefndirnar hafa úrskurðað um ásetningu fjárins í hverjum hreppi, samkvæmt 11. gr., skal sýslumaður senda amtmanni greinilega skýrslu þaryfir, svo skal og sýslunefndin senda amtmanni skýrslu um afdrifin af miðsvetrar- og vor-skoðun hreppanefndanna, jafnsnart sem hver sú skoðun um sig er af gengin, og gjöra athugasemdir og uppástungur um það, sem henni, samkvæmt skýrslum hreppanefndanna, virðist þörf á, einkum með tilliti til lækningatilrauna, meðala útvegunar, o. fl.

16. gr. Sýslumaður skal, þegar vafasamt þykir, leita úrskurðar amtmanns um það, hvort mál skuli höfða, hvort heldur er gegn einstökum búanda eður hreppsnefndarmönnum, fyrir óhlýðni, móþróa eður önnur afbrot mót þessum lögum.

17. gr. Búendurnir í þeim sýslum, sem til eru teknar í 1. gr., er þannig skyldast til að farga geldfênaði sínum í haust, skulu fá skaðabætur, miðaðar við framtölu geldfjárins næstliðið vor, að

1857. 30. septbr. inni að hausti komanda ekki sé gjörsamlega útrýmt, þó með því skilyrði, að sýkin þá ekki sé komin um fleiri hëruð landsins eða víðs vegar um norður- og austurumdæmið og vesturumdæmið;

fráðregnu því skurðarfé, er menn þurfa að leggja frá til búa sinna; en það metur hver hreppsnefnd.

Skadabótum þessum fyrir allar tédar sýslur, samtals 9000 rd., skiptir amtmaðurinn í suðuramtinu niður á hverja sýslu, eptir geldfjárframtalinu í fardögum 1857; sýslunefndirnar aptur niður á hvern hrepp sýslunnar eptir framtalinu í hreppnum, en hreppsnefndirnar aptur niður á hvern búanda, eptir framtali hans og nauðsynlegum geldfjárskurði til búans.

Ef einhver búandi þykist verða afskiptur við úthlutun skadabótanna, í samanburði við aðra í hreppnum, má hann bera sig upp undan því við sýslunefndina, síðan við amtmann, og leggur hann úrskurð á málið.

Þessir 9000 rd. greiðist fyrirfram sem skyndilán úr ríkissjóðnum, gegn endurgjaldi af hálfu Íslands. Næsta alþing ákveður á hvern hátt að fé þetta skuli endurgjalda.

18. gr. Að afloknum fjárskurði í þeim meingúðu sýslum, skal stiptamtmaður og amtmaður hver fyrir sig, með tilstyrk sýslumanna og annara merkra manna, alúðlega gangast fyrir því, að safna gjöfum til hjálpar hinum nauðstöddu, er hlotið hafa tjón af kláðafaraldrinu.

19. gr. Enginn maður í þeim sýslum, sem til eru teknar í 1. gr., má að sumri komanda reka neitt lamb eða nokkra sauðkind á fjöll, heldur skal hann halda þeim í búfjárhögum.

20. gr. Að vori eða sumri komanda má enginn í fjársjúkum hëruðum fá að nê flytja þángað neina sauðkind úr hinum ósýktu hëruðum; þó má kaupa þaðan skurðarfé.

21. gr. Hver sá, sem af skeytingarleysi verður valdur að því, að hið sóttnæma kláðafaraldur flytist í þau hëruð, sem fé almennt er heilbrigt í, skal sæta, auk skadabóta, fjársektum frá 1 til 15 rd., en verði nokkur sannur að því, af ásetningi eða með vilja að hafa flutt faraldrin inn í hinar ósýktu sveitir, varðar það frelsistjóni frá 2—5 ára.

22. gr. Hver sá maður í hinum ósýktu hëruðum, sem annaðhvort af skeytingarleysi eða af ásetningi verður uppvís að því, að hafa leynt kláðanum á fé því, er hann hefir undir höndum, skal sæta fjársektum frá 5 til 30 rd.

og að, þegar slíkur almennur niðurskurður hafi átt sér stað, þá skuli fjáreigendur í hinum ósýktu héraðum skyldir til að selja svo margar ær, hver að tiltölu eptir því, hversu margt fê hann

1857.

30. septbr.

23. gr. Í öllum öðrum sýslum landsins en þeim, sem til eru teknar í 1. gr., skal hlutaðeigandi amtmaður nú þegar í haust hlutast til, að settar verði nefndir í hverri sýslu og hverjum hrepp, á þann hátt, sem fyrir er sagt í 6. og 7. gr.

24. gr. Skyldi hins sóttuæma kláðafaraldurs verða vart á einstökum bæ í hinum sýslunum, þá skal tafarlaust drepa niður hinar kláðugu kindur, halda þar öllu fê í straungu varðhaldi og nákvæmri gæzlu, og verja því samgaungur við annara fê; komi þá í ljós kláði á fleirum kindum, að 4—6 vikum liðnum, skal allt fê á því heimili niður skera, en bæta þá eiganda skaðann af opinberum sjóði, ef hann reynist óvaldur að næ sannur að skeytingarleysi.

25. gr. En verði vart hins skaðvæna fjárkláða hér og hvar í einhverjum hreppum þessara sýslna (smbr. 23. gr.), og á fleiri heimilum í senn, þá skal í hverjum þeim hrepp fram fara almennur niðurskurður, eða förgun fjárins, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem segir í 1—20. gr., ef sýslunefndin kýs heldur þann kost en algjörlegan niðurskurð. Þó skal jafnan, ef kostur er á, leita héraðsmanns. Ef ei er, þegar svo stendur á, af ráðinn algjörður almennur niðurskurður, skal stranga vöktun á því hafa, að það fê, sem lifir, nái ei samgaungum við heilbriggt fê.

26. gr. Verði sú raun á að hausti komanda, að fjárkláðasýkin ekki sé almennt upprætt í sýslum þeim, sem til eru teknar í 1. gr., eða öðrum þeim héraðum Suðuramtsins, þar sem sýkin þá hefir almennt gjört vart við sig, skal almennur niðurskurður fram fara og honum lokið fyrir jólaföstu, þó með því skilyrði, að sýkin hafi þá ekki útbreiðzt um fleiri hérað, eða viðsvegar í norður- austur- og vestur-amtinu. Hin sama regla skal gilda í öllum héraðum í töðum ömtum, þar sem kláðasýkin hefir útbreiðzt (áþekkt því sem ráðgjört er í 24. gr.) en ekki verið upprætt.

Í hverju því héraði, sem almennur niðurskurður verður að hausti, samkvæmt ákvörðunum í þessari grein, skal öll fjárhús rífa og byggja þau upp aptur að vori (1859) á öðrum stað.

27. gr. Ef sýkin þarámóti er upprætt að hausti (1858) í öllum sýslum Suðuramtsins nema Skaptafellssýslunum, þá eru öll hin hérað amtsins laus við þær lagaskyldur, sem tilteknar eru í 26. gr. En reynist sýkin útbreidd í annari hvorri þeirri sýslu eða báðum,

1857. á, að sérhver fjáreigandi, er hefir orðið að skera niður fê sitt, 30. septbr. fái helmíng af ærtölu þeirri, sem hann hefir talið fram í landbúnaðartöflunni árið 1856, og skuli þeir selja þær með því

þá skal þar fyrir hið næsta ár fara að öllu eptir þeim reglum, sem segir í 1—21. gr. hér að framan, eptir nákvæmari ráðstöfun yfirvaldsins. Verði fjárkláðinn ekki upprættur í annari hvorri þeirri sýslu haustið 1859, skal þar framfara almennur niðurskurður eptir 24. gr.

28. gr. Ef nokkurt fê úr ósýktum hêruðum kemur inn í hin sýktu hêruð, skal því þar lóga, og alls ei á vetur setja. En ef nokkur kind úr hinum sýktu hêruðum kemur inn í hin ósýktu, þá skal hún dræp og réttlaus falla.

29. gr. Skyldi svo fara, að almennur niðurskurður yrði að eiga sér stað á Suðurlandi, samkvæmt 26. gr., skal sérhver fjáreigandi maður í þeim sýslum og bygðarlögum, hvar almennur niðurskurður, eða með þeim takmörkunum, sem segir í 24. gr., ekki hefir átt sér stað, skyldur til eptir tiltölu til fjáreignar sinnar voríð 1859, að selja svo mikið af ám með lömbum að vorlagi, að hver búandi í þeim sýslum, hvar algjörður niðurskurður hefir fram farið, geti fengið helmíng þeirrar ærtölu, sem hann 1856 hefir talið fram til landbúskapartöflunnar, og skulu yfirvöldin annast um útbýtingu fjárens eptir þessu hlutfalli.

30. gr. Ærnar skulu látnar af hendi í fullgildu standi, og borgist eptir verðlagsskrá þeirri, er ræður frá miðju maímánaðar 1859, til jafnlengdar 1860, í þeim sýslum hvaðan ærnar eru.

31. gr. Amtmenn ákveði eptir landbúskapartöflunni úr hverju anti hvað margt fê hverri sýslu ber að selja, en sýslunefnd í hverri sýslu hvað margt kemur á hvern hrepp, og hreppsnefnd í hverjum hrepp, hvað hverjum fjáreiganda ber skylda til að selja. Skal það með miðsvetrarpóstum tilkynnt stiptamtmani, hvað margt fê fáist í hverju bygðarlagi fyrir sig, svo hann geti tiltekið, hvert hver sveit eigi að leita fjárkaupanna. Ef það virðist óvinnanda, að reka fê úr hinum fjarlægustu sýslum til Suðurlands, skulu þær nálægari sýslur leggja því fleiri ær til, en sé aptur það, sem þær láta í té fram yfir rétta tiltölu, endurgoldið frá þeim fjarlægari sýslum. Kostnaðurinn til þessa fjárflutnings greiðist úr hlutaðeiganda amts jafnaðarsjóði.

32. gr. Til fjárkaupa komi Sunnlendingar um Jónsmessuleytið 1859, og skal hreppstjóri í hverjum hrepp með helztu

verði, sem sett verður í verðlagsskrá þeirri, er gildir frá miðju maímánaðar 1859 til sama tíma 1860.

1857.
30. septbr.

Herra stiptamtmaðurinn hefir þarhjá látið í ljósi þá meiningu sína, að ekki mundi ráðlegt að fallast á þessar tillögur alþingis, því ef það væri gjört, þá mundi leiða af því, að hinn helzti atvinnuvegur landsbúa í hærudum þeim í suðurumdæminu, sem áður er minnt á, væri svo að segja gjörsamlega ónýttur um lánan tíma.

Stjórnarráðið verður nú að fallast á þessa skoðun, og það því fremur, sem ennþá vantar skýrslu um það, yfir hve mikinn hluta suðurumdæmisins sýkin er komin nú sem stendur, en álit dýralæknanna, sem hingað hefir verið sent, lýtur að því, að sýkin virðist ekki vera illkynjuð, og þeir eru góðrar vonar um að stemma megi stigu fyrir henni, ef að eins væri lögð öll alúð á lækningar og hirðingu fjárins. Reynslan hefir einnig þegar sýnt þetta, því víða hefir sýkin verið læknuð, þar sem tilhlýðileg nákvæmni hefir verið við hana höfð og fêð hirt vel. Auk þessa eru engar áreiðanlegar skýrslur um það, að hve miklu leyti hin umdæmin eru nú sem stendur í raun og veru laus við sýkina, eins og það að minnsta kosti er öldungis óvíst að þau verði það, þegar framkvæma á í hinum umgetnu sýslum í suður-umdæminu ákvarðanir þær, sem alþingi hefir stúngið uppá.

Þareð nú mun verða nauðsynlegt, að öll þau atvik, sem að þessu lúta, sè nákvæmlega íhuguð áður en ákveðið verður hvaða ráðstafanir skuli framvegis gjöra til að stöðva sýkina og útrýma henni, þá sèr stjórnarráðið sèr ekki fært um að gefa nákvæmar reglur í þessu efni. En þareð þèr, herra stiptamtmaður, á ferðum yðar til hinna umgetnu sýslna munuð hafa haft færi á að rannsaka, hvernig ástatt er, og kynna yður ásigkomulagið eins og það er í raun og veru, þá verð eg að heimila yður, eptir því sem ástatt er, og eptir að þèr hafið ráðgast um við dýralæknana á Íslandi, að gjöra allar þær ráðstafanir, sem

mönnnum hreppsins vera þeim hjálplegur í því, að ná saman hinu lofaða fè.

33. gr. Allar sektir, er ákveðnar eru í lögum þessum, skulu falla í sveitarsjóð.

1857.
30. septbr. hentugar þykja til þess að ná tilgáangi þeim, sem hér ræðir um, og einkanlega ákveða, að hve miklu leyti og hversu mikið skuli skera niður af veiku og grunuðu fè, eða hvort eigi að við hafa lækningatilaunir; en þá verður vandlega að gæta þess, að hinu sjúka fè verði haldið öldungis frá hinu heilbrigða, þángað til það er albata. Þetta felur stjórnarráðið yður á hendur í þeirri von, að það fái allrahæsta samþykki Hans Hátignar konungsins, með því það er svo skammt síðan, að lagafrumvarp alþingis barst til stjórnarinnar, að ekki hefir verið tækifæri til að bera mál þetta undir konúng, þar hann sem stendur er á ferð í ríki sínu.

Um leið og stjórnarráðið þar að auki fellst á ákvarðanir þær, sem herra stiptamtmaðurinn með samþykki alþingis hefir gefið út til bráðabyrgða um hreinsun fjárhúsa og endurbyggingu þeirra, og sömuleiðis ýmsar aðrar ráðstafanir, er miða

1) ákvarðanir þær sem hér ræðir um hljóða þannig:

Auglýsing

um nokkrar ákvarðanir, er alþing hefir gjört um fjárkláða þann, sem gengur í nokkrum hluta suðuramtsins, hverjar ákvarðanir hérmeð samkvæmt bréfi lögstjórans af 30. apr. þ. á. af undirskrifuðum gjörast gildandi sem bráðabyrgðarlög, þángað til konunglegur úrskurður verður lagður á málið yfir höfuð.

1. (5.) gr. Á hverju því heimili, þar sem fjársýkin gjörði vart við sig næstliðinn vetur eða vor, en ekki hafa verið rifin fjárhúsin í sumar, samkvæmt reglugjörð stiptamtsins 13. febr. þ. á., skal öll fjárhús rífa í haust komandi og byggja aptur upp á öðrum stað, háum og þurlendum, ný fjárhús, nægileg fyrir fjárstofn þann, sem hver búandi má gjöra ráð fyrir að hann megi á setja eptir kringumstæðunum, og með þeirri stærð og lagi, sem tilskipun 2. marz 1776 tiltekur. Viðina úr gömlu fjárhúsunum má brúka í hin nýju, ef þeir eru sviðnir áður eða bikaðir utan. Hafa skal sérstaklegt tillit til þess, þegar fè skal á vetur setja, hvert húsrúm menn hafa og hversu rof hinna eldri og uppbygging hinna nýju fjárhúsa er af hendi leyst.

2. (6.) gr. Til þess að annast um rof og endurbyggingu fjárhúsa, sem og annað, er í þessari tilskipun er fyrir fjáreigendur að reglu gjört, skal hverr sýslumaður kveðja sér til ráðaneytis og

til þess að rýma burtu sýkinni, í þeirri von að það fái allra-
hæsta samþykki konungs, þá læt eg. þó ekki hjá líða að 30. septbr. 1857.
bæta því við, að í þessum ráðstöfunum skal taka það skýrar

aðstoðar 3 eða 4 hina beztu menn hér og hvar úr sýslu sinni.
Hin sama regla gildir og fyrir lögsagnarumdæmið Reykjavík og
bæjarfógetann þar.

3. (7.) gr. Í hverjum hrepp skal setja hreppsnefndir á þann
hátt, að hreppstjórinn kveðji með sér eptir stærð hrepps síns 2 eða
4 hina beztu hreppsændur, og sé hreppur mjög stór, svo vatnsföll
geti um lengri tíma hindrað samfundi, þá sé hreppsnefndir 2 eða
3, svo til þeirra sé kvaddir, ef þarf, alls 6 menn.

4. (8.) gr. Enginn sýslu- eða hreppsnefndarmaður má skorast
undan heim starfa án lögmætra forfalla, sem sýslumaður þá metur,
og skal þegar kveðja nýjan mann til nefndar, ef eins missir við úr
nefndinni.

5. (9.) gr. Stiptamtmaður skal sjá um, að prentaður verði, svo
fjótt sem orðið getur, greinilegur leiðarvisir til að þekkja kláðann,
öll einkenni hans og alla lækningameðferð á honum, og enn fremur
skal í leiðarvisi þessum skýrt frá, hvernig með fænað skuli fara, til
að verja hann kláða, og skal senda leiðarvisi þenna öllum hrepps-
nefndum sem um er getið í 3. (7.) grein.

6. (10.) gr. Hreppnefndir skulu byrja starfa sinn svo fjótt
sem verður, og þegar innan 20. nóv. hafa sendt sýslumanni skýrslur
um búnaðar og heimilis ástand hvers búanda í hreppnum, samkvæmt
þeim eyðublöðum, sem þeim til þess verða send, og sem nefndin
útfyllir.

7. (12.) gr. Hreppnefndir sjá um, að úrskurðum sýslu-
nefndarinnar verði fullnægt. Óhlýðnist nokkur búandi því, sem
þannig er ákveðið, skal hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það sýslu-
manni, en hann höfðar opinbert mál móti hinum seka til óhlýðnis-
sekta eptir málavöxtum, og málskostnaðarútláta.

8. (14.) gr. Sýslunefndir skulu hafa vakandi auga á öllu því,
sem að því lýtur, að lögum þessum verði hlýðt og tilhlýðilega
framfylgt, leiðbeina hreppsnefndunum í öllu, er þurfa þykir, og
vera þeim til ráðaneytis, hvenær sem þær leita þess.

9. (16.) gr. Sýslumaður skal, þegar vafasamt þykir, leita
úrskurðar amtmanns um það, hvort mál skuli höfða, hvort heldur
er gegn einstökum búanda eður hreppsnefndarmönnum, fyrir óhlýðni,
móþróa eður önnur afbrot mót þessum lögum.

1857. fram, að sýslunefndir og hreppanefndir eigi að ganga ríkt eptir
 30. septbr. því, að þeim reglum sé nákvæmlega fylgt, sem settar eru um meðferð sýkinnar, og sjá til þess að lækni meðöl þau, sem á þarf að halda, sé fyrir hendi. Sömuleiðis skal skipa hreppanefndunum að rannsaka iðulega og eptir tiltekinn tíma hvernig ástatt er, og senda sýslunefndunum skýrslur um það, líkt og ákveðið er í 13. gr. í frumvarpi alþingis; og þareð það eflaust hlýtur að virðast svo, sem vanhirðing og fódurskortur stuðli meðfram að miklu leyti til sýkinnar, skal hreppanefndunum boðið að láta einnig í ljósi í skýrslum þeim, sem þeir eptir 6. gr. eiga að semja um búnaðarástand bænda, áætlun sína um það, hversu margt fê hver bóndi geti haldið veturinn út eptir heyjabyrgðum, mannafla og fjárhúsum, þannig að það verði óaðfinnanlega fôðrað og hirt; sýslunefndirnar skulu þarhjá skera úr málum, líkt og alþingi hefir stúngið uppá í 11. gr. frumvarps síns, og skulu hreppanefndir halda eigendum til að fara eptir úrskurði sýslunefndarinnar, og skýra frá því, að hve miklu leyti honum er hlýdt.

Þareð það að öðru leyti enganveginn er einhlýtt, að þær ráðstafanir, sem gjörðar verða til að útrýma sýkinni, eigi vel við, en það ríður ekki síður á því, að þeim sé rækilega framfylgt, þá treystir stjórnarráðið því, að landsmenn muni gjöra sér allt far um að styrkja þá vidleitni yfirvaldanna, að koma vandamáli þessu í það horf, sem óskanda væri að það kæmist í; enda hljóta þeir að viðurkenna það, að mál þetta varðar heill þeirra sjálfra og landsins alls; það mætti því álíta vel til fallið, að landsbúar stofnuðu félög sín á milli, til þess að ná því miði sem hér ræðir um, einsog herra stiptamtmaðurinn hefir bent til.

10. (22.) gr. Hver sá maður, sem annaðhvort af skeytingarleysi eða af ásetningi verður uppvís að því, að hafa leynt kláðanum á fê því, er hann hefir undir höndum, skal sæta fjársektum frá 5—30 rdl.

11. (33.) gr. Allar sektir, er ákveðnar eru í lögum þessum, skulu falla í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Íslands stiptamtshúsi 27. Aug. 1857.

J. D. Trampe.

1857.

30. septbr.

Stjórnarráðið þykist vera sannfært um, að herra stiptamtmaðurinn muni framvegis með hinni sömu ótraudu alúð og áhuga vinna að því, að málefni þetta fái happasæl afdrif, og vonast aptur með póstskipinu eptir nákvæmri skýrslu um þær rádstafanir, sem þángað til kynni að verða gjörðar, og sömuleiðis um það, hvernig ástætt er yfirhöfuð.

Að endingu læt eg ekki hjá líða að bæta því við, að amt-mönnunum í vesturumdæminu og í norður- og austurumdæminu hafa í dag verið send eptirrit af bréfi þessu, og þeim boðið að gjöra þær rádstafanir, er þeim kynni að virðast við eiga, til þess að tálma því, að sýkin kæmist inn í þeirra umdæmi og útbreiddist í þeim.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á 17. nóvbr.

Íslandi, um að landsetar á konúngsjörðum á Vestmannaeyjum ekki geti fengið ábýlisjarðir sínar til kaups.

Herra stiptamtmaðurinn hefir með þóknanlegu bréfi 31. marz þ. á. sent hingað allraþegnsamlegast bónarbréf frá landsetunum á konúngsjörðunum í Vestmannaeyjum, um að fá jarðir þær, sem þeir hafa til ábúðar, annaðhvort til sjálfseignar eða þá að minnsta kosti í erfðafestu.

Út af þessu læt eg ekki hjá líða að skýra herra stiptamtmaninum frá, til þóknanlegrar vitundar og auglýsingar fyrir hlutaðeigendum, að stjórnarráðið, eptir frumreglum þeim sem stjórnin á seinni árnun hefir fylgt, þegar hún hefir átt að skera úr líkum spurningum, ekki finnur ástæðu til að taka beiðni þessa til greina.